



5. ÁRG. 1. TBL. 1984

LJÓRI

Frá ritstjórn

í því tölublaði LJÓRA sem nú kemur fyrir augu lesenda er m.a. sagt frá nýlegum þjóðháttakönnunum, en einnig er fjallað um söfnun samtíminum. Þá eru lög Félags íslenskra safnmanna prentuð með þeim breytingum sem gerðar voru á aðalfundi 1983.

Flestir greinarnar sem birtast í þessu blaði lágu til-búnar til prentunar fyrir um ári. Þá var allt óljóst um framtíð ritsins, enda fé til útgáfunnar af skornum skammti. Því varð mikil bið á að þetta tölublað liti dagsins ljós.

Ritstjórn LJÓRA biður höfunda velvirðingar á því hve lengi greinar þeirra hafa beðið birtningar. Einnig verður ritstjórn að biðja lesendur LJÓRA velvirðingar á því hve lengi þeir hafa þurft að bíða blaðsins. Við vonum að betur horfi með útgáfu þess í framtíðinni.

MYNDIR Á KÁPU:

A Stóruborg undir Eyjafjöllum hefur á síðastliðnum árum verið rannsakað fornt bæjarstæði sem er að eyðileggjast af ágangi sjávar og vatna. Þjóðminjasafn Íslands stendur að rannsókninni og hafa þar verið grafnar upp rústir frá tímabilinu 1500 - 1800. Mikill fjöldi muna hefur fundist þar.

Árið 1980 kom þar upp úr jörðu sérkennilegur hlutur úr tré: fjalarbútur með andlit. Hlutur þessi er frá 17. eða 18. öld, 35 sentimetrar á lengd og 19.5 á breidd. Um notkun hans viljum við ekkert fullyrða, kannski er þetta einhvers konar gríma.

FORSÍÐA: Framhlið grímunnar. BAKSÍÐA: Bakhlið grímunnar.

Frosti F. Jóhannsson

Íslensk þéttbýlismenning

Á ofanverðri nítjándu öld og í upphafi þeirrar tuttugustu átti sér stað grundvallarbreyting á íslensku efnahagskerfi. Markaðsbúskapur leysti sjálfsþurftabúskap af hólmi, sem um aldir hafði einkennt íslenska framleiðsluhætti. Hefðbundnir atvinnuvegir landsmanna voru vélvæddir. Fólkini fjölgæði og nýtt landnám hófst með þéttbýlismyndun víðs vegar um landið. Breyttir búsetuhættir voru m.a. forsenda nýrra framleiðsluháttá, sem einkum fólust í stórauknum fiskiðnaði. Þessi þróun gerði það að verkum að stéttaskipan bændajóðfélagsins riðlaðist og ný samfélagsgerð varð til þ.e. stéttasamfélag markaðskerfisins. Þessar efnahags- og félagslegu breytingar höfðu í för með sér nýjar lífsvenjur um síðustu aldamót, sem nútíma lifnaðarhættir hér á landi eiga rætur að rekja til.

Íslenskir þjóðfræðingar hafa hingað til lítið sem ekkert rannsakað þetta svið íslenskrar þjóðmenningar. Því varð það úr að höfundi þessa greinarstúfs var falið, fyrir rúmu ári, að hefja undirbúning að upplýsingasöfnun um lifnaðarhætti í þéttbýli, á árabilinu 1900-1940, á vegum þjóðháttadeilda Þjóðminjasafns.

Eitt af markmiðum verkefnisins er að kanna tengsl milli þjóðfélagslegrar stöðu fólks annars vegar og efnislegra, félagslegra og andlegra lífsvenja þess hins vegar. Það verður því að leitast við að ná til sem flestra þjóðfélagsstéttu og -hópa.

Miðað er við að afla heimilda um *uppvaxtarár, atvinnuhætti, bæði á sjó og á landi, heimilis- og fjölskylduhætti og félagslíf*. Þessum upplýsingum verður fyrst og fremst safnað með spurningaskrám, en einnig með viðtölum eftir því sem aðstæður leyfa. Hvað þennan tilgang verkefnisins snertir er ekki nauðsynlegt að söfnun nái til alls þéttbýlis, enda yrði slikt óvinnandi. Nauðsynlegt mun reynast að afmarka hana við nokkra byggðakjarna og vinna samhliða að úrvinnslu eftir því sem unnt er. Þessir staðir hafa ekki endanlega verið valdir, en náttúruaðstæður, atvinnuhættir og fólkfsfjöldi verða einkum höfð í huga í því sambandi. Rétt er að undirstríka, að þrátt fyrir væntanlega afmörkun verða spurningaskrár einnig sendar öllu fróðleiksfólk, sem þjóðháttadeild fær vitneskju um víðsvegar um landið.

Hver þessara heimildaþátta hefur sín eigin markmið sem m.a. tengjast áðurnefndum tilgangi verkefnisins. Þannig er það eitt markmið heimildasöfnunarinnar um uppvaxtarárin að kanna á hvern hátt mismunandi miðningarárumhverfi hefur sett svip sinn á uppvöxt barna á fyrstu tugum þessarar aldar. Til að svara því þurfa að koma til nákvæmar upplýsingar um atvinnu foreldra, hús og heimili, bernsku- og unglingsár heimildarmanna.

Aðalmarkmið þess að viða að sér þekkingu um atvinnuhættina er tvíþætt. Í

fyrsta lagi að varpa ljósi á skipulag vinnunnar og samskipti fólks á vinnustað. Í því skyni verður að gera ítarlega athugun á vinnustaðnum og ýmsu er varðar vinnuna.

Í öðru lagi er ætlunin að skýra tengsl atvinnulífs og heimilis- og fjölskylduháttá og félagslífs. Með því að taka þrjú síðast-toldu svíðin til sérstakrar athugunar er svo ætlunin að reyna að svara spurningum eins og hvaða áhrif félagsleg staða fólks hefur á lífsstíl þess og hugsanalif. Svar má m.a. fá fram með því að rannsaka hvernig fólk býr, klæðir sig og ver frístundum sínum svo eitthvað sé nefnt.

Samdar hafa verið spurningaskrár um öll ofangreind viðfangsefni og eru þrjár fullbúnar, *uppvaxtarár*, sem send var út um mitt sumar 1982 til rúmlega 100 manna, *togarasjómennska*, sem var send út í byrjun árs 1983 til um 80 sjómanna, og *launavinna í landi*, sem er tilbúin til út-sendingar. Hinar spurningaskrárnar, *vél-bátasjómennska*, *heimilis- og fjölskylduhættir* og *félagslíf*, eru fullfrágengnar til fjörlitunar. Hér á eftir fer yfirlit um helstu efnispætti spurningaskrána.

I. UPPVAXTARÁR

- A. Úr dreifbýli í þéttbýli
- B. Atvinna föður
- C. Atvinna móður
- D. Uppvaxtarheimili og uppvaxtarár
 - 1. Hús og heimili
 - 2. Uppeldi
 - 3. Skólaganga
 - 4. Atvinna heimildarmanns á uppvaxtarárum
 - 5. Unglingsár

II. ATVINNUHÆTTIR

- A. Launavinna í landi
 - 1. Ráðningin
 - 2. Vinnutími

- 3. Vinnulaun
- 4. Vinnuaðstaða
- 5. Vinnan
- 6. Matur
- 7. Tóbaks- og áfengisneysla
- 8. Vinnuklæðnaður
- 9. Starfsfólk
- 10. Samstaða
- 11. Einkalíf
- 12. Uppsagnir og atvinnuleysi
- 13. Frítími

B. Sjómennska

- B.1 Fiskveiðar á vélbátum
 - 1. Almennar upplýsingar
 - 2. Ráðningin
 - 3. Áhöfnin
 - 4. Formaður
 - 5. Mótoristi
 - 6. Hásetar
 - 7. Vistarverur
 - 8. Mataræði
 - 9. Tóbak og áfengi
 - 10. Fatnaður og hreinlæti
 - 11. Fiskveiðarnar og vinnan um borð
 - 12. Losun
 - 13. Kaup og kjör
 - 14. Frítími
 - 15. Annað
- B.2 Fiskveiðar á togurum
 - 1. Ráðningin
 - 2. Áhöfnin
 - 3. Skipstjórinn
 - 4. Stýrimenn
 - 5. Loftskeytamenn
 - 6. Bátsmaðurinn
 - 7. Vélstjórar
 - 8. Kyndarar — smyrjarar
 - 9. Hásetar
 - 10. Lifrarbræðslumaðurinn
 - 11. Kokkur
 - 12. Vistarverur og samskipti

13. Matarhættir
14. Tóbak og áfengi
15. Aðbúnaður (föt, hreinlæti o.fl.)
16. Fiskveiðar
17. Uppskipun — sigling
18. Loftskeytatæki — talstöðvar
19. Kaup og kjör
20. Frítíminn um borð
21. Yfirláttárules fyrirbæri
22. Landvist

III. HEIMILISHÆTTIR

- A. Hús og heimili
- B. Heimilisstörf
 1. Hreinlæti
 2. Föt og fatagerð (í heimahúsum)
 3. Mataröflun og matargerð
 4. Brauð- og kökugerð
- C. Máltíðir og mataræði
- D. Borðsíðir og borðbúnaður
- E. Önnur heimilisstörf

IV. FJÖLSKYLDUHÆTTIR

- A. Sambúð
- B. Barneignir
- C. Uppeldi
- D. Skólaganga
- E. Barnavinna
- F. Hversdagsleg samskipti
- G. Likamshirðing
- H. Heilsufar

V. FÉLAGSLÍF

- A. Merkisdagar
- B. Árstíðabundnar hátíðir
- C. Aðrar skemmtanir
- D. Áhugamannafélög
- E. Trúarlíf

Par sem söfnunin er svo til nýhafin, er á þessu stigi ekki mögulegt að leggja mat á árangur. Þess má þó geta að í apríllok 1983 höfðu borist 27 svör við spurninga-

Saltfiski staflað. Mynd á spurningaskrá nr. 51 frá Þjóðháttadeild Þjóðminjasafnsins, um launavinnu í landi. (Þjms. GÁ 353).




skránni um uppvaxtarárin. Sum hver eru mjög ítarleg.

Næst liggur fyrir að fjölgja heimildarmönnum og að vinna að því að koma skránum út til þeirra og taka viðtöl. Áður þarf þó að afmarka verkefnið eins og að ofan greinir. Í sumar er gert ráð fyrir að nokkrir stúdentar í sagnfræði og þjóðháttafraði heimsæki dvalarstofnanir aldraðra, m.a. á Stór-Reykjavíkursvæðinu og Norðausturlandi, einkum í því skyni að afla heimilda um lifnaðarhætti í þéttbýli. Þetta starf verður kostað af Heilbrigðisráðuneytinu í formi hækkaðra daggjalda.

Þetta verkefni er viðamikið eins og sjá má, enda gert ráð fyrir að það verði eitt aðalviðfangsefni þjóðháttadeildar næstu árin. Ég tel mjög æskilegt að samhlíða verkefninu verði komið af stað, á vegum

þjóðminjasafns og í samráði við byggðasöfnin, skipulegri muna- og myndasöfnun frá sama tímabili og hér um ræðir. Til þess skortir sem stendur fjármuni. Í því sambandi má benda á, að ef seldur væri aðgangseyrir að Þjóðminjasafnинu (t.d. 30 kr.) eins og önnur hliðstæð söfn hér á landi (t.d. byggðasöfn) og erlendis gera, og ef ýmis konar þjónusta við einstaklinga og fyrirtæki yrði seld, mætti að öllum líkindum halda 3-4 safnvörðum á fullum launum allan ársins hrung á vegum Þjóðminjasafnsins til viðbótar því sem nú er (10). Meðan við búum við fjárvana minjavörslu, alltof fámennt starfslið og horfum auk þess upp á margvísleg mennингarverðmæti fara forgörðum, tel ég að Þjóðminjasafnið hafi ekki efni á þeim rausnarskap að veita alla þjónustu sína ókeypis.



Hallfreður Örn Eiríksson

Ráðstefna um tölvuvæðingu

Dagana 21.— 23. september hélt Þjóðfræðistofnun Norðurlanda þriðju ráðstefnuna um varðveislu og skráningu þjóðfræða, að þessu sinni í Kaupmannahöfn. Hafði fjölmenn nefnd unnið að undirbúningi ráðstefnunnar um árabil og safnað m.a. skýrslum um notkun tölva við skráningu þjóðfræða á Norðurlöndum, enda var ráðstefnan kölluð saman til að ræða, hver not þjóðfræðingar gætu haft af þessum framúrstefnutækjubúnaði. Auk þess var rætt um notkun videótækja.

Eins og við mátti búast kom í ljós, að norrænar þjóðfræðastofnanir voru mjög misjafnlega á vegi staddir í þessum efninum. Virðist þetta fara nokkuð eftir stærð þeirra, og þurfti því engum að koma á óvart, að Finnska þjóðfræðistofnunin skyldi vera lengst á veg komin.

Yfirleitt voru menn sammála um, að tölvuvæðing norrænnar þjóðfræðistofnana væri æskileg. Hins vegar þótti auðsætt, að hún krefðist mikils stofnkosnaðar. Einnig var talið, að nota mætti tölvukerfið til að auðvelda samnorðæna upplýsingasöfnun og koma samnorðænum þjóðfræðirannsóknunum með því á traustari grundvöll en nú er kostur. Er þetta sennilega eina ráðið, því að jafnvel nákvæmar spjaldskrár kæmu varla að haldi, vegna þess hve þær eru bæði tímafrekar og erfiðar í notkun. Finnar hafa þó bent á, að ekki borgi sig að nota tölvu ein-

göngu við skrásetningu og tölfræðilega útreikninga.

Margt bendir til þess, að auðveldast yrði að koma upp tölvuvæddri upplýsingamiðstöð um þjóðsögur, þjóðtrú, endurminningar, m.a. þjóðsagnablandnar endurminningar, þjóðhætti og þjóðminjar. Enn hafa menn ekki reynt að skrásetja þjóðlög með tölvu.

Sýnd var notkun videótækja. Ekki er að neita því, að sá útbúnaður er tiltölulega handhægur, en því miður er geymsluþol myndbanda enn mjög takmarkað. Enginn vafi er á því, að myndbönd eru kjörin við kennslu og enn fremur til að sýna hvers konar verkmenningu og frásagnartækni að auki.

Næsta vor verður skýrslu um ráðstefnu þessa dreift um Norðurlönd. Pangað til er samt nauðsynlegt að reyna að gera sér grein fyrir því, hvernig unnt væri að tryggja fé til framkvæmda á þessu sviði, ef ákveðið verður að láta til skara skrifða á samnorðænum vettvangi.



Águst Ólafur Georgsson:

Lífið á íslensku fiskiskútunum

Fiskveiðar Íslendinga á seglskútum hófust ekki að marki fyrr en á seinni hluta nitjándu aldar. Milli 1880 og 1910 stóðu veiðar þessar með hvað mestum blóma, en uppúr 1930 lögðust þær endanlega niður. Með skútuútgerðinni hófst nýtt tímabil í íslenskri sögu. Þá voru lögð drögin að nútíma lifnaðarháttum, búsetu í þéttbýli og markaðsbúskap.

Þessi nýja tegund fiskiskipa olli stórstígum framförum í sjávarútvegi. Þau voru stærri og afkastameiri en áður hafði þekkst, unnt var að halda þeim lengur úti og afli jókst verulega. Miklar breytingar urðu jafnframt á högum sjómanna, þar sem áhöfnin bjó nú um borð langtímu saman. Hér voru gamlar veiðiaðferðir fluttar í nýtt umhverfi, sniðnar að breyttum aðstæðu. Nýir siðir og venjur mótuðust, lífsmunstur þilfars- og útileguskippanna, sem varð upphafið að nútímasjómannsku.

Árið 1981 var ákveðið að hefja söfnun heimilda um fiskveiðar á skútum á vegum þjóðháttadeildar Þjóðminjasafns Íslands (ÞÞ). Til söfnunarinnar var veitt sem svaraði tveggja mánaða launum eiðs manns af fé því, sem safnið fékk úr Þjóðháttíðarsjóði það ár. Greinarhöfundi var falið að annast verkefni þetta og vann hann að því í september og október, en varð þá að hætta sökum fjárskorts. Þráðurinn var tekinn upp að nýju í mars 1982 og að fullu lokið við skrásetningu og frá-

gang efnis, sem safnað hafði verið. Seinni hluta ársins átti ég viðtöl við 3 heimildarmenn, með viðunandi upptökutækjum, og var það gert á vegum Stofnunar Árna Magnússonar. Á þessu ári er reiknað með að vinna í u.þ.b. mánuð, á vegum ÞÞ, og ljúka upplýsingaöflun frá heimildarmönnum.

Verkefnið miðast einkum við tímabilið 1905-1930 og á það sér líffræði- og sögulegar forsendur. Elstu heimildarmennirnir eru fæddir um 1890 og byrja á skútum um 1905, en útgerðin hættir uppúr 1930. Í rúmi takmarkast söfnunin fyrst og fremst við skipið sjálft, auk annars sem tengist veru manna á því. Þannig er ekki komið inná þróun þilskipaútgerðar, eða sögu hennar, né fiskvinnslu í landi.

Hin þjóðfræðilegu markmið verkefnisins eru aðallega tvíbætt:

1. Almenn, og sem ítarlegust, upplýsingaöflun um daglegt líf og störf um bcrð. Hingað til hafa þessu ekki verið geð fullnægjandi skil, þrátt fyrir gagnstæðar fullyrðingar.
2. Að varpa ljósi á lifnaðarhætti manna í eitt angruðu samfélagi við fiskveiðar á hafi úti, og hvernig þeir mótað af ríkjandi ástandi. Efnislegir, félagslegir og andlegir þættir eru lagðir til grundvallar, reynt að grafast fyrir um samsplil þeirra og innbyrðis áhrif.

Til að ná áðurgreindum markmiðum var einkum aflað gagna um eftirtalin atr-

iði: 1) Ráðningu og kjör. 2) Félagsgerð og samskipti. 3) Mataræði. 4) Aðbúnað. 5) Fiskiriið, aðra vinnu um borð og við skipið. 6) Fritíma. 7) Yfirnáttúruleg fyrirbæri.

Við skipulagningu verkefnisins var gert ráð fyrir tvenns konar söfnun, í fyrsta lagi með viðtölum og í öðru lagi með spurningaskrám. Frá upphafi var ljóst, að söfnunin stæði og felli með því hvernig til tækist við öflun heimildarmanna. Hér var mjög tímafrekt starf fyrir höndum. Með margvíslegum hætti tókst að hafa upprá rúmlega 100 skútukörlum, sem ýmist voru búsettir á höfuðborgarsvæðinu eða úti á landi. Samin var spurningaskrá og send 91 manni á árinu 1981, 14 á árinu 1982 og 2 það sem af er þessu. Hingað til hafa því 107 manns fengið hana í hendur. Tekin voru viðtöl við 12 heimildarmenn á árinu 1981, en það eru um 55 klst. af hljóðrituðu efni, eða 430 vélritaðar A4 bls.

Síðastliðið haust hafði ég tal af tveimur

þeirra aftur. Var það gert með það fyrir augum að varðeita sýnishorn af röddum þessarar horfnu stéttar, heyra þá segja frá skútulífinu með sínum eigin orðum. Þess konar viðtal var enn fremur tekið við einn heimildarmann til viðbótar s.l. vetur, er það um 9 klst. eða 54 vélritaðar A4 bls. Spurningaskránni hafa 33 svarað, en það eru u.p.b. 700 bls. Heildarblaðsíðufjöldi er þannig um 1200.

Á þessu ári er ætlunin að fara vandlega yfir svör þau sem borist hafa, ef ske kynni að spryrti nánar um einstök atriði. Sú vinna er þegar hafin og augljóst að leita verður til heimildarmanna á nýjan leik. Notkun spurningalista við upplýsingaöflun hefur ýmsa galla, en geri menn sér grein fyrir þeim kemur það ekki eins að sök. Eitt ráð til að treysta þessa söfnunaraðferð er, að sá sem að henni stendur hverju sinni, lesi strax í gegnum öll svör og kynni sér hvort þar sé einhverju ábóta-vant. Slik vinnubrögð þyrfti að gera þó kleift að taka upp hið fyrsta.

Sjómenn á íslenskri skútú. Óskráð mynd úr póstkortasafni Andrésar Jónssonar, í Þjóðminjasafni Íslands.



Pór Magnússon

Heimildasöfnun um samtímann.

Dagana 14. - 15. janúar 1982 var haldinn í Lejondals slott skammt frá Stokkhólmi fundur ýmissa sánskra safnmanna, þar sem rætt var um samstarf sánskra safna um heimildasöfnun, sem þeir kalla samtísdokumentation, það er söfnun heimilda um okkar samtíð. Fundurinn hafði að heiti Fördela museernas dokumentationsansvar, en sjálf samvinnan er kölluð styttingarheitinu Samdok.

Mér var boðið að sitja fund þennan og þar voru einnig fulltrúar frá hverju hinna Norðurlandanna.

Af heiti fundarins hefði mátt ætla, að hér yrði einkum rætt um skiptingu söfnunarþið milli safna, sérhæfingu safnanna hvers á sínu sviði, en svo var þó ekki, heldur var hér rætt ítarlega um söfnun og varðveislu gagna á ákveðnu sviði og samvinnu safnanna um það.


Orsókin til þessarar sánsku samvinnu eða þessa átaks í heimildasöfnun úr nútímanum í Svíþjóð er fyrst og fremst sú, að mönnum þykir vera búið að safna svo miklu af hlutum og heimildum frá „gamla tímanum“ svonefnda. Svo mikil sé komið af efniviði sem lýsi hinu gamla þjóðfélagi fyrir hina miklu þjóðlifsbyltingu tæknialdar, að nauðsyn sé að snúa sér að ýmsu, sem nær okkur er í tímanum. Á fundinum bentu menn þó á, að griðarmiklar eyður væru í heimildaforða safnanna, einkum um tímann fyrir og um aldamótin síðustu og á fyrstu áratugum

þessarar aldar. Mætti ekki láta niður falla slíka söfnun, sem við þekkjum bezt undir nafninu þjóðháttasöfnun, og hefur t.d. verið stunduð mjög lengi í Svíþjóð.

Þjóðfélög Norðurálfunnar, eða hins vestræna heims, eru orðin afarflókin og fjölbreytt. Á hverju ári verða svo örar og gríðarlegar breytingar nær því á hverju sviði mannlegs lífs, að það er nær ógerningur að fylgjast með öllum þeim breytingum, sem verða. Það er engin smáraðis byrði, sem lögð er á minjasöfn og önnur heimildasöfn, ef gera á þeim að safna og hafa tiltækjar heimildar um hvert það svið, sem snertir mannlegt líf. Og þegar svo við bætist, að flestir þeir hlutir, sem nútímaþjóðfélag skapar og notar, eru svo stórvaxnir, flóknir og vandmeðfarnir í geymslu og varðveislu, þá standa söfnin hreinlega frammi fyrir ókleifum vegg oft a tíðum.

Sú lausn, sem Svíar hafa reynt að finna á þessu máli, er að sett var á stofn innan Samdok nefnd, sem hafði það að markmiði að setja niður svæðisbundna samstarfsskrá um heimildasöfnun og rannsóknarverkefni um varðveislu samtímaþið. Mynda söfnin síðan með sér rannsóknarhópa og taka fyrir ýmis svið, svo sem búnaðarhætti, skógarvinnslu, rannsóknir á heimilum og heimilisháttum, atvinnugreinum og vinnustöðum og hvers kyns bjargræðisvegum.

Þrískiptur blýantur er táknað samtímaskráningar í Svíþjóð.



Í ljós kom, að það voru í reynd aðeins alstærstu söfnin, svo sem lénssöfnin svokölluðu og ýmis stór sérsöfn, sem töldu sig geta tekið raunhæfan þátt í þessu samstarfi, enda er hér um gríðarmikið skráningar- og heimildaöflunarstarf að ræða, svo sem að skrá og mynda alla hluti, stóra og smáa, á einu heimili eða einum vinnustað. Má nærri geta, hvilíkt verk það er að skrifa t.d. upp og lýsa öllum hnífapörum, fatnaði, bókum, tímaritum og blöðum og öðru því smáu og stóru, sem fyrirfinnst á einu heimili, allt frá stofunni og í geymslurnar. Ekki var látið þar við sitja að skrá hlutina þannig, heldur gerði heimilisfólk ið grein fyrir því, hvenær hlutanna var aflað og hvað þeir kostuðu, allt eftir því sem minnið hrökk til. Í þessum tilgangi höfðu verið valin tvö „meðalsænsk“ heimili með hjálp hagstofunnar. Þótt heimilisfólk ið lýsti sig füst til samvinnu í upphafi fór þreyta og leiði fljótt að gera vart við sig, ekki sízt þegar farið var að tína nærföt og sendibréf upp úr

skúffum og út úr skápum og lýsa hverjum hlut af nákvæmni.

Að þessu loknu var sams konar innbúi safnað til Nordiska museet sem heimild um það, hvaða hluti sœnsk meðalfjölskylda hafði í kring um sig á heimili sínu á því Herrans ári 1980.

Þessi sœnska aðferð væri líklegast ofviða okkur íslenzkum safnmönnum, enda hygg ég að ýmislegt megi finna að henni og að hún henti misvel eftir löndum.

Því er ekki að neita, að við höfum gríðarmiklar heimildir um nútímaþjöldif okkar og þarf ekki lengi að benda á allan þann aragrúá af bókum, blöðum og tímaritum, myndum, auglýsingabæklingum, kvíkmyndum og myndböndum, sem yfir þjóðina flæðir árlega, þótt sumt af þessu gefi e.t.v. nokkuð brenglaða mynd af eðlilegu þjóðlifi nútímans.

En þessi umræða og þetta starf vekur okkur hins vegar til umhugsunar um, hvernig íslenzku söfnin hafi staðið sig í varðveislu dæmigerðra brúkshluta frá

síðustu áratugum, þó svo að nútímanum sé sleppt. Ég hygg, að söfnin hljóti að velja og hafna mjög strangt hér eftir, því að slíkt ógnarflæði steypist yfir af framleiðsluvörum, að ógerningur er að varðveita nema rétt fáein sýnishorn þess helzta.

Söfnin hafa lengst af einskorðað sig við það, sem orðið var „gamalt“, það er frá því fyrir aldamótin síðustu eða þá frá fyrstu áratugum þessarar aldar, meðan amma og afi voru enn ung. Þetta á sér auðvitað þá eðlilegu skýringu, að því eldri sem hluturinn er, þeim mun fágætari og merkari sé hann. Margir safnmenn eru enn að leita að því fágætasta, því afbrigðilegasta, þótt í reynd sé hið algenga og dæmigerða það, sem menn ættu helzt að kappkosta að varðveita, en hér hefur mönnum á stundum sézt yfir.

Þá hafa menn oft talið, að það eitt, sem tilheyrdi gamla þjóðféluginu sé þess virði að setja á safn. Einnig bregður fyrir þeim hugmyndum manna, að hlutur þurfti að vera íslenzkur, gerður af íslenzkum höndum, til að hann beri að varðveita, og einkanlega það, að hlutir þurfi að vera listrænir að gerð, fallegir, skrautlegir, útskornir eða málaðir, til þess að þeir verðskuldi varðveizlu á safni.

Það var því miður ekki fyrr en allseint, að farið var að svipast um eftir brúkshlutum, amboðum, ílátum, kláfum og kerrum og koma þeim til safnanna. Fyrir bragðið hafa margir þeir hlutir glatazt, sem fólk varð að bjargast við daglega til sjávar og sveita. Þetta á kannske fyrst og fremst við um Þjóðminjasafnið, en byggðasöfnin eiga mörg hver mun betri heimildaforða að þessu leyti, enda betri aðstaða úti um landið til söfnunar, meðan enn var hægt að skríða inn í hálfhrundar sjóbúðir, hjalla og skemmur og

tína fram sitthvað það, sem merkilegt var að þessu leyti.

Nú er svo komið hjá okkur, að sárafátt er í reynd til utan safnanna af því, sem afar okkar og ömmur björguðust við í lífsbaráttu daganna. Margur vill því láta staðar numið við söfnun. Hvað þá um tímana, sem eru enn nær okkur, okkar eigin uppvaxtarár, áratugina milli heimsstyrjaldanna svo tími sé tiltekinn, eða styrjaldarárin síðari og næstu árin þar á eftir, þegar menn gengu til fullnustu frá hinu gamla járnaldarþjóðfélagi og tíma-bil atómaldar rann upp?

Svo kann að fara, að síðari tíma safnmenn kunni að álasa okkur nútíðarfólkí fyrir það, að við höfum látið undir höfuð leggjast að halda til haga og varðveita sitt-hvað það, sem dæmigert er fyrir nútímann og síðari tíma fólk vildi geta sýnt eða bent á ábreifanlega. En hér er sem fyrr, að menn eru glámskyggnir á eigin samtið að þessu leyti og svo hitt, að hlutirnir eru ekki nágu „merkilegir“ í margra augum. Og svo kæfir mergðin oft áhugann á því að snúa sér að þessum tíma.

Hitt skal nefnt hér, að í framtíðinni hlýtur að koma til meiri sérhæfing safna en hingað til, þannig að ýmis söfn sinni aðeins ákveðnu svíði eða ákveðnum tíma-bilum. Það ber í rauninni að forðast, að söfnin verði eins og steypt öll í sama mótinu, heldur reyni þau að sérhæfa sig og verða þannig fjölbreyttari og betur búin að takast á við heimildavarðveizlu síðari tíma.

Þetta mál hlýtur að verða ofarlega á baugi í umræðum um safnamál á komandi árum, þannig að hægara verði um vik að standa að varðveizlu heimilda um þróun íslenzka þjóðfélagsins eftir að járnaldarmenning leið endanlega undir lok á Íslandi.

Guðmundur Ólafsson

Samtímaskráning, markmið sem stefna ber að.

Hugtakið samtímaskráning:

Með hugtakinu samtímaskráning er átt við alhliða upplýsingasöfnun á vegum minjasafnanna, á einhverjum tilteknum þáttum þjóðlífsins svo sem atvinnugreinum, klæðaburði, félagsstarfsemi o.s.frv.

Þessi upplýsingaöflun getur verið fólgin í söfnun muna, mynda og skjala, auk skráningar, uppmælinga, viðtala o.fl., þannig að heilsteypit mynd fáist af viðfangsefninu hverju sinni.

Markmið samtímaskráningarinnar er að:

- stunda virka heimildasöfnun um þjóðfélagið á hverjum tíma.
- koma upp verkaskiptingu milli minjasafna, þannig að hægt sé að skrá sem flest svið þjóðlífsins.
- samræma verkefnaval safnanna til þess að koma í veg fyrir óþarfa tvíverknað við söfnun og skráningu.

Ný vinnubrögð.

Með samtímaskráningu og samtímavarðveislu er í reynd verið að boða alveg ný vinnubrögð hjá minjasöfnum. Í stað þess að láta það ráðast hvað berst inn á söfnin, er gert ráð fyrir virkri söfnunarstarfsemi á fyrirbærum sem eru allt í kringum okkur nú í dag og reynt að gera sér grein fyrir

þróunarferli þeirra.

Einn meginkosturinn við samtímavarðveislu, er sá, að verið er að skrá starfsemi og/eða hluti sem eru til staðar og því tiltölulega auðvelt að afla. Við vitum af reynslunni, að það er miklu erfiðara að hefja heimildasöfnun þegar starfsemi hefur verið hætt og áhöldin sem notuð voru, orðin ónýt eða dreifð út um allt. Oft er þá líka mörgu hent sem betur væri komið á safni.

Þegar fram í sækir öðlast þessi starfsemi líka æ meira gildi. Virk söfnun hefur einnig þann kost í för með sér, að söfnin geta betur stjórnað því sem inn á söfnin kemur og þannig fyllt í eyður í stað þess að fylla dýrmætt geymslupláss af aragrúa samskonar muna, sem slitnir hafa verið úr öllu samhengi.

Að lokum er rétt að leggja áherslu á það, að samtímavarðveisla á aðeins að vera hluti af heildarstarfsemi safnanna. Megináherslan á starfsemi safnanna yrði eftir sem áður söfnun heimilda um liðna tíð. Samtímavarðveislu ber miklu fremur að skoða sem tryggingu fyrir því að söfn framtíðarinnar lendi ekki í sömu aðstöðu og við í dag. P.e.a.s. að stórar eyður myndist um tiltölulega nýliðin tímabil í sögu okkar.

Félag íslenskra safnmannna

Lög

1. Félagið heitir Félag íslenskra safnmannna. Lögheimili þess er í Reykjavík.
2. Félagar geta þeir orðið, sem lokið hafa námi í greinum, sem nýtast í starfsemi lista-, minja- og náttúrufræðisafna. Ennfremur allir þeir, sem vinna í faglegu starfi við slík söfn. Inntaka nýrra félaga er háð samþykkt félagsfundar.
3. Tilgangur félagsins er:
 - a) að efla samstarf og kynni milli safna og safnmannna, fjalla um safnamál og ýmsan vanda þeim tengdan, auka þekkingu og fræðslu á söfnum og safnstörfum og annast samskipti við safnmenn og hliðstæð samtök erlendis,
 - b) að leitast við að tryggja réttindi og hagsmuni félagsmanna, t.d. þannig að félagsmenn með tilskilda menntun hafi forgangsrétt til starfa á söfnum.
4. Aðalfund skal halda fyrir 1. júní ár hvert og skal hann boðaður bréflega með minnst hálfsmánaðar fyrirvara.

Þá er aðalfundur lögmætur, ef hann er löglega boðaður.

5. Á aðalfundi skal stjórnin skýra frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggja fram endurskoðaða reikninga og eignaskrá þess til athugunar og samþykktar.
6. Aðalfundur kýs þriggja manna stjórn, formann, ritara og gjaldkera, tvo varamenn og tvo endurskoðendur. Kosning skal vera skrifleg sé þess óskarð. Stjórnin skiptir sjálf með sér ver�um.
7. Stjórninni er skylt að boða til almenns fundar, ef 5 eða fleiri félagsmenn æskja þess. Almennan fund skal boða með minnst einnar viku fyrirvara. Almennur fundur er lögmætur, ef hann er löglega boðaður.
8. Árgjald félagsmanna skal ákveðið á aðalfundi ár hvert og annast gjaldkeri innheimtu þess eftir félagaskrá, sem ritari heldur.
9. Lögum þessum má einungis breyta á aðalfundi, enda sé tekið fram að lagabreytingar séu á dagskrá og þær kynntar í fundarboði.

Ágúst Ólafur Georgsson

Könnun um friðlýstar fornleifar

Forsaga

Lög um verndun fornminja voru undirrituð af konungi hinn 16. nóvember 1907. Féll þá úr gildi opið bréf frá 7. ágúst 1752, svo og öll önnur ákvæði, sem komu í bág við lögini. Með fornminjalögnum var embætti þjóðminjavárðar stofnað, skyldi hann jafnframt vera forstöðumaður Þjóðminjasafns. Þannig tengdist fornminjavarslan starfsemi safnsins og hefur það verið óbreytt síðan. Samkvæmt þessum nýju lögum skyldi þjóðminjavörður semja skrá yfir allar fornleifar, sem honum þætti ástaða eða nauðsyn á að friða.

EKKI er annað að sjá, en strax hafi verið hafist handa um gerð skrár yfir friðlýstar fornleifar. Slík skrá er til frá árunum 1908-1909 og önnur frá 10.¹ Formlegar friðlýsingar, þ.e. með skjali og þinglýstar, hófust hins vegar ekki fyrr en árið 1926. Friðlýsingin taldist frá þinglýsingardegi og var landeigendum og ábúendum kunngert um hana með sérstökum skjali. Bar landeiganda að varðveita friðlýsingarskjalið og sjá um, að ábúanda væri jafnan kunnugt um friðlýsinguna. Matthías Þórðarson gegndi fyrstur þjóðminjavárðarembættinu, eins og alkunnuger, og tók hann við því starfi 1. júlí 1908. Hann friðlýsti margar fornleifar eftir lýsingum eldri fornfræðinga, Sigurðar Vigfussonar, Brynjólfss Jónssonar frá Minna-Núpi og Kristians Kálunds. Áhugi þessara manna beindist fyrst og fremst að því að

tengja fornleifar og örnefni við fornsögurnar. Óþarf er að taka fram, að þessi fræðilega sýn stenst ekki kröfur nútímans.²

Eins og þegar hefur komið fram er fornleifavarslan í verkahring Þjóðminjasafns, þar á meðal er eftirlit með friðlýstum minjum og merkingar þeirra. Eftirlit ið er nánast ekkert og einkum fógið í því, að starfsmenn safnsins skoða viðkomandi staði, hafi þeir átt leið framhjá. Merkingar eru sömuleiðis sáralitlar.³

Nú skal stuttlega rakin þróun fiðlýsinga á fornleifum frá því þinglýsingar þeirra hófust. Til grundvallar eru lögð öll þau friðlýsingarskjöl, sem hingað til hafa verið undirrituð. Hvert skjal verður hér eftir talið ein friðlýsing. Heildarfjöldi friðlýsinga (friðlýsingaskjala) er 506.

Eins og sjá má af súluriti 1, er langstærstur hluti friðlýsinganna frá árunum 1926-1930, 424 af 506 eða 84%. Miðað við heildarfjölda friðlýsinga er hér um stórátak að ræða. Það var því ekki óeðlilegt, að nokkur lægð yrði í friðlýsingum næstu árin á eftir. Þannig voru t.d. gerðar 8 friðlýsingar á árunum 1931-1935. Þróun sú, sem á eftir fylgdi hefur hins vegar verið óæskileg.

Á árunum 1936-1949 var um alls engar friðlýsingar að ræða. Sex friðlýsingar voru á árunum 1950-1960. 1961-1970 voru friðlýsingar 33, sem er veruleg auknung miðað við áratuginn þar á undan.

Skrá

yfir friðhelgaðar fornleifar

Eftirlit 16. nóv. 1908 - 2. gr. 1.

Iðnunustafanir sýta:

J. Þórhólmur Þorleifssigur.

H. (Jón) Halldór Þorláksson af Söf. (Lida 2. kindi)

Pj. f. H. Þórhólmur Jóna Þorlákssonar.

Pj. f. þ. Þórhólmur Jóns Þorlákssonar.

Pj. f. Þórhólmur Oddi Þorlákssonar.

J. jordab. Jóhannes jordab.

en hefur eigi verið ritnaðum, svo jeg séki.

(Yfir hólati). Mynd fylgjur tilstundandi Árbók (ta fylgjir ðis).

I. Árnessýsla.

A. Æðeyastríppur.

Árbólgardur fyrir ófari samheimingum km. N 1988 ffs. 51.

Líma og límuhlíðar, grjótláttir, aðalur fyrir Skóðu N 1988 ffs. 51.

Límsvartar á Árbólgardum N 1. 84, f. j. f. H.

„Skrá yfir friðhelgaðar fornleifar.“ Fyrsta blað-
síðan í fornleifaskrá 1908-1909.


Ljósm. Halldór J. Jónsson 1982.

Árið 1971-1980 voru friðlýsingar 30, en 3 árið 1981. Það sem af er þessu ári hefur engin friðlýsing verið gerð.

Skipting friðlýsinga eftir sýslum og kaupstöðum er sem hér segir: Borgarfjarðar- og Mýrarsýsla 41, Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla 37, Dalasýsla 26, Barðastrandarsýslur 31, Ísafjarðarsýslur 24, Strandasýsla 9, Húnnavatnssýslur 22, Skagafjarðarsýsla 19, Eyjafjarðarsýsla 29, Pingeyjarsýslur 31, Múlasýslur 38, Skaftafellssýslur 29, Rangárvallasýsla 61, Árnessýsla 73, Vestmannaeyjar 1, Gull-

bringu- og Kjósarsýsla 31, Hafnarfjörður 2, Reykjavík 2.

Langflestir friðlýsinganna eru 50 ára eða eldri, og margar þeirra byggðar á enn eldri athugunum. Eftirlit með þeim hefur verið sáralítið og örfáar eru merktar. Af þessu má ljóst vera, að meiri hluti friðlýstra fornleifa hefur verið eftirlitslaus í hálfu öld. Full ástæða er því til að ætla, að vitneskja um ekki allfáar þeirra hafi farið forgörðum í tímans rás, m.a. við ábúendaskipti. Mjög brýnt er, að stórátak verði gert á þessu sviði. Sú skoðun



Friðlýsingarskjal yfir skrásettar og friðaðar formenjar í landi jarðarinnar Litla-Garðs, Rípurhreppi, Skagafjarðarsýslu. Friðlýsingin öðlaðist gildi 13. ágúst 1926. — Elstu friðlýsingarskjölin eru úr Skagafjaðarsýslu, öll undirrituð 10. júní 1926. Þetta er það fyrsta, sem fært var inn í afsals- og veðmálabækur Skagafjaðarsýslu, en friðhelgi taldist frá þinglýsingardegi.

Ljóm. Halldór J. Jónsson 1982.

kom raunar fram fyrir alllöngu síðan,⁴ þótt ekki hafi orðið úr framkvæmdum.

Könnun

Fyrri hluta árs 1981 gekkst greinarhöf undur fyrir, að fram færi könnun á ástandi friðlýstra fornleifa á vegum Þjóðminjasafns Íslands. Könnunin fór þannig


fram, að send voru bréf á alla staði, sem friðlýstir voru fyrir 5 árum eða meira. Nokkrar undantekningar voru frá þessu, þannig voru bréf ekki send í Kópavog, Vestmannaeyjar, á Þingvelli og ekki varðandi minjar í Laugarnesi í Reykjavík.

Í bréfinu var vakin athygli ábúenda og annarra, sem umráðarétt hafa yfir landi,

á friðlýstum fornleifum í landareign þeirra. Ljósrit af friðlysingarskjali fylgdi með. Beðið var um upplýsingar á ástandi friðlýstra minja. Jafnframt var farið fram á upplýsingar um ófriðlýstar rústir, byggðaleifar og hvers kyns forn mannvirki, sem kunnugt væri um. Fyrirspurn var send samtals 408 aðilum. Hinn 9. mars 1982 höfðu borist 154 svör, en það er 37,7%. Samkvæmt útreikningum greinarhöfundar voru 721 friðlýstir staðir á landinu fyrri hluta árs 1981. Skal nú gerð grein fyrir hvernig tala þessi er fengin. Með áðurnefndu bréfi var sent spurnarblað, varðandi ástand hinna friðlýstu minja, sem senda skyldi útfyllt til Þjóðminjasafnsins. Á hverju blaði var spurt um eina rúst eða fleiri, sem heyrðu saman. Þetta var fyrst og fremst gert til hagræðingar og réði texti friðlysingarskjals þar mestu um. Til að útskýra þetta nánar er nauðsynlegt að taka tvö dæmi um mismunandi friðlysingartexta.

A) „Hellar þrír, hver hjá öðrum, fyrir norðan túnið og enn nokkrir suðvestur í túninu í rana þeim sem er fyrir vestan bæinn.“

Sílurit 1: Fjöldi friðlysinga eftir árum. *Ath:
Tainaskálinn þéttist eftir 50.



- B) 1. Leifar þriggja fornra (rústa) tófta, svonefndra Goðatófta, neðst í túnini.
2. Garðlag fornt milli lækja tveggja fyrir ofan vestur-túnið.

3. Þingtóftir margar, fornar, í Laugartorfu.

Fyrra dæmið (A) er hér talið sem einn staður, en það seinna (B) sem þrír, Með því að fylgja þessari meginreglu verður útkoman 721.

Upplýsingar bárust um 221 stað, en það er 30,6%. Á landinu öllu eru 229 sveitarfélög, friðlýstar fornleifar eru í 155 þeirra, en það eru að meðaltali 4,6 staðir í hverju. Engar friðlýstar minjar eru því í 74 sveitarfélögum, eða 32,3% þeirra.

Hér á eftir fara helstu niðurstöður varðandi þá staði, sem upplýsingar bárust um.

1. Kunnugt var um friðlýsingu á 151 stað, eða 68,3%.

2. Friðlýsingarskjal var til varðandi 87 staði, eða 39,3%.

3. Vitað var um staðsetningu 192 staða, eða 86,9%.

4. Á 27 stöðum voru minjarnar í hættu, eða 12,2%.

5. Hróflað hafði verið við minjunum á 42 stöðum, eða 19%.

6. Á 17 stöðum voru minjarnar horfnar, eða 7,7%.

7. Friðlýsingarmerki voru á 19 stöðum, eða 8,6%.

8. Um 8 staðanna var ekkert vitað, eða 3,6%.

Svör við fyrirspurn um ófriðlýstar fornleifar voru samtals 43.

Eins og sjá má af niðurstöðum könnunarinnar var ekki vitað um friðlýsingu 70 staða, eða 32,7% þeirra. Hins vegar var kunnugt um 41 þeirra, en ekki að þeir

væru friðlýstir, eða 18,1%. Af þeim 151 stað, sem kunnugt var um friðlýsingu á gátu menn staðsett 139 eða 62%. Tökum við bara þá staði, sem vitað var um að væru friðlýstir, eru hvorki meira né minna en 38% þeirra, sem ekki var hægt að staðsetja. Staðir, sem voru ókunnir, ekki hægt að staðsetja og horfnir eru alls 57, eða 25,8%.

Könnun þessi leiðir í ljós, að ókunnugt var um verulegan hluta hinna friðlýstu staða, eða rúmlega 30% þeirra. Þetta býður hættunni heim. Þess vegna er mikilvægt að hafa góða samvinnu við landeigendur, ábúendur og aðra rétthafa. Tryggt skal, að þeim sé kunnugt um friðlýsinguna og ákvæði fornminjalaga. Friðlýsing skal rifjuð upp fyrir viðkomandi aðilum öðru hvoru, eftir því sem þurfa þykir.

Eitt brýnasta verkefni þjóðminjasafnsins á svíði fornleifafræðinnar er heildarskráning fornleifa í landinu. Í tengslum við þá skrásetningu verða friðlýstir staðir athugaðir og gengið úr skugga um ástand þeirra. Friðlýsingarmálin verða án efa tekin upp á vettvangi endurskoðunarnefndar þjóðminjalaga, og framtíðarstefna þeirra mörkuð.

1. Þjóðminjasafn Íslands. Fornleifaskrá 1908-1909. Handskrifuð bók, bundin í leður. Efst á fyrstu síðu stendur: „Skrá yfir friðhelgaðar fornleifar.“ Mynd af blaðsiðu þessari er birt með leyfi þjóðminjavarnar. Sömuleiðis mynd af friðlýsingarskjali jarðarinnar Litla-Garðs, Rípurhreppi, Skagafjardarsýslu.

Fornleifaskrá 1910. Einnig handskrifuð og bundin í leður. Efst á fyrstu síðu stendur: „Friðunarskrá fornmenja.“

2. Sbr. t.d. Olaf Olsen, Hørg, hov og kirke. København 1966, bls. 167 o. áfr.

Þórhallur Vilmundarson, Hugarflug og veruleiki í íslenzkum örnefnum. Namn och bygd 1978. Upp-sala, bls. 100-112.

Dæmi um hve fljótt munnmæli geta ruglast og ný myndast er m.a. að finna i bók Kristjáns Eldjárn, Kuml og haugfé úr heiðnum sið á Íslandi. (Akureyri 1956) aths. bls. 82-83.

3. Á aðalfundi Hins islenska fornleifafélags árið 1913, kom fram sú hugmynd að birta, í Árbók félagsins, skrá yfir friðlýstar fornminjar. Skýrsla þessa aðalfundar er prentuð í Árbók Fornleifafélagsins 1913, bls. 79, en þar segir: „Pessu næst var rætt um nokkur félagmál og æskilegt talið, að fornmenjavörður gæfi út í Árbók félagsins skýrslu um skrásettar fornmenjar, einkum friðlýstar stað-

bundnar fornmenjar.“ Þessi hugmynd náði aldrei fram að ganga.

4. Sbr. Kristján Eldjárn, Hundrað ár í Þjóðminjasafni. Reykjavík 1962, bls. XXIV.

5. Þjóðminjasafn Íslands. Skjal yfir friðlýstar fornleifar í landi jarðarinnar Kampholts, Villingaholtshreppi, Árnessýslu. Undirritað af Matthíasi Þórðarsyni 5.5. 1927.

6. Þjóðminjasafn Íslands. Skjal yfir friðlýstar fornleifar í landi jarðarinnar Helludals, Biskups-tungnahreppi, Árnessýslu. Undirritað af Matthíasi Þórðarsyni 5.5. 1927.

Tilvísunum í Árbók Fornleifafélagsins er sleppt hér.

Ég vil þakka Halldóri J. Jónssyni, fyrsta safnverði á Þjóðminjasafni Íslands, fyrir ljósmyndun.

Hólmsborg er friðlýst fjárborg í Heiðmörk. hlóð hana árið 1912 og er ártalið rist í stein yfir dyrunum. Bjarni Einarsson tók myndina og skráði borgina á fornleifaskrá.

Karl E. Nordahl, bóndi í Hólmi,



Guðmundur Ólafsson

Málmleitartæki, hættuleg leikföng eða meinlaust tómstundagaman?

Á síðustu árum hafa flætt út á markaðinn ýmiskonar málleitartæki sem ætluð eru almenningi. Tæki þessi er oftast auglýst upp sem spennandi og ábatasöm fjársjódaleitartæki. Gefið er í skyn að með þeim sé enginn vandi að finna gull og silfur sem grafið er í jörðu. Þetta hefur vitanlega freistað margra, eins og alltaf þegar gull er annars vegar.

Þessi nýja holskefla gulleitarmanna í Evrópu hefur hins vegar valdið fornleifafræðingum og öðrum þeim sem með minjavörslu fara, miklum áhyggjum. Það hefur nefnilega komið í ljós, að gulleitarmenn kæra sig oftast kollótta um lög um verndun fornleifa, en ráðast fyrst og fremst á staði þar sem fornminja er að vænta. Þannig hefur hvað eftir annað komið í ljós við rannsóknir, að friðlýstar minjar og aðrar fornleifar hafa kerfisbundið verið rændar með hjálp málleitartækja.

Evrópsk minjaverndaryfirvöld hafa m.a. reynt að bregðast við þessu vaxandi vandamáli með upplýsingastarfsemi um fornminjalög og tilgang fornleifavörlunnar, en það virðist hafa lítið að segja. Þá má geta þess, að málleitartæki og misnotkun þeirra hefur verið til umræðu í Evrópuráðinu, og frá ráðherranefnd þess eru væntanleg tilmæli til aðildarlandanna um aðgerðir eða lagaákvæði sem torveldi

kaup og sölu málleitartækja og komi í veg fyrir misnotkun þeirra. Í framhaldi af þessu hefur t.d. þjóðminjavardarembættið í Svíþjóð lagt til við menntamálaráðuneytið, að meðferð málleitartækja þar í landi verði háð sérstöku leyfi (eins og t.d. byssuleyfi) eða að sala málleitartækja verði aðeins heimiluð til þeirra sem þurfa tækjanna við atvinnu sinnar vegna.

Sem betur fer hefur ekki borið mikið á þessum tækum hér á landi fram að þessu, en það getur breyst á stuttum tíma. Fyrir stuttu birtist auglýsing í Morgunblaðinu um málleitartæki sem gæti orðið fyrirboði sömu uggvænlegu þróunar á þessu sviði og átt hefur sér stað í nágrennalöndum okkar.

Ég tel því að við ættum að láta reynslu annarra okkur að kenningu verða og grípa til ráðstafana, áður en fjársjódaleit er orðin að vandamáli hér á landi. Í drögum endurskoðunarnefndar þjóðminjalaðanna er lagt til að notkun málleitartækja eða annars tæknibúnaðar við leit að fornminjum sé óheimil, öðrum en starfsmönnum viðurkenndra minjasafna. Þar er vissulega komin ágæt tillaga, sem full ástæða væri til að biðja menntamálaráðherra að taka sérstaklega til greina núna með bráðabirgðaráðstöfunum, þar til ný þjóðminjalög taka gildi.

Málleitartæki geta verið til margra

hluta nysamleg í meðfórum ábyrgra
aðila og er ekkert við slíkt að athuga, en í
höndum óprúttinna fjársjóðarleitar-

manna gætu þau orðið að hættulegum
eyðileggingartækjum og valdið ófyrirsjá-
anlegu tjóni á fornleifum okkar.

AÐ SJÁ UNDIR JÖRÐINA

Það getur verið gagnlegt en einnig mjög spennandi. Þú finnur kannski ekki gullskip, en hver veit?



MORGUNBLAÐID, FÖSTUDAGUR 25. MARZ 1983

Tækið er mjög næmt þannig að silfurhlutur getur fundist á nokkurra feta dýpi við góðar aðstæður.

Het Wapen Van Amsterdam

Fáir atburðir hafa vakið meiri athygli og umtal hér á landi á árinu 1983, en leitin á Skeiðarársandi að Indíafarinu Het Vapen van Amsterdam. Verður vonandi hægt að birta ítarlega frásögn af því merkilega máli í einhverju af næstu blöðum LJÓRA.

Ritstjórnin gat þó ekki stillt sig um að birta hér plögg um meðferð Alþingis á málinu, en ákvörðun þess um að veita allt að 50 milljón króna lánsábyrgð til leitarinnar vakti mikla athygli á sínum tíma og var mjög umdeild. Virtist allt tal um gull og gersemar í skipinu hafa stigið mönnum svo til höfuðs, að þeir gættu ekki nægilegs raunsæis í mati sínu.

Aðeins einu sinni þótti ástæða til að leita álits minjavörslunnar og annarra sérfræðinga sem málið var skylt, og þá voru varnaðarorð þeirra og mótbárur virtar lítil. Enda létt stjórn Félags íslenskra safnmannna fara frá sér mótmæli vegna þessarar afgreiðslu málsins og er hún einnig birt hér, þar eð fæstir fjölmörlar sáu ástæðu til að birta hana.

Hér gefst því lesendum LJÓRA tækifæri til að lesa frumvarpið um heimild til að ábyrgjast lán vegna björgunar Het Vapen van Amsterdam, ásamt nefndarálítum og athugasemnum frá stjórn FÍS.

1982-83 (105. lögðjafarþing) — 211. mál.

Nd.

373. Frumvarp til laga

um heimild handa rikisstjórninni til að ábyrgjast lán vegna björgunar skipsins Het Wapen

Flm.: Birgir Ísl. Gunnarsson, Þórarinn Sigurjónsson, Sverrir Hermannsson,
Magnus H. Magnússon.

1. gr.

Rikisstjórninni er heimilt að ábyrgjast lán, sem tekið yrði vegna björgunar skipsins Het Wapen frá Amsterdam, allt að 50 milljónum króna, gegn þeim tryggingum, sem fjármálaráðuneytið telur fullnægjandi, svo sem í verðmáti hins bjargaða og söluandvirði skipsins úr landi, enda liggi fyrir samþykki fjárveitinganeftndar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Indíafarið Het Wapen van Amsterdam strandaði á Skeiðarársandi, nánar tiltekið á Skraftellsfjör, 19. september 1667. Skipið var að heimleið ásamt átta öðrum skipum Austur-Indíafélagsins hollenska og var siglt vestan Bretlandseyja í átt til Færeys, en þaðan skyldi siglt til Hollands. Het Wapen varð viðskila við skipalestrina og leitaði undan veðrinu í átt til Íslands, þar sem það strandaði eftir tveggja daga hrakninga.

Het Wapen van Amsterdam var vopnað kaupfar, mjög stórt í síns tíma mælikvarða, af þeiri gerð sem nefnd var „retour“ skip. Amsterdamdeild Austur-Indíafélagsins létt smíða skipið á árunum 1653—54. Talið er að búnaður og stærð skipi, sínar hafi verið sem hér segir:

Lengd	147 fet
Breidd	35 fet
Rista	12 fet
Vopnabúnaður	35—40 fallbyssur
Áhöfn og farþegar	200—250

Nákvæm farmskrá er enn til yfir þær vörur er fóru um bord í skipin nýu í Bataviu. Skrá um farm hvers einstaks skips er hins vegar ekki fyrir hendri. Fullvist má þó telja að farmur Het Wapen hafi verið fjölbreytilegur og verðmætur.

Fjöldi farþega og áhafnar mun hafa verið 200—250 manns. Vænta má þess, að farangur þessa fólks sé verulegur. Farþegar munu a. m. k. að hluta hafa verið Hollendingar á heimleið að loknu starfi í Austur-Indíum. Fulltrúar Austur-Indíafélagsins og áhöfnin höfdu leyli til að stunda verslun á eigin reikning og fluttu oft verulegan varning heim.

Með bréfi 27. september 1960 veitti forsætisráðuneytið Bergi Lárussyni leyfi til að leita að skipinu og hagnýta verðmáti þess og farms gegn greiðslu „12% af söluandvirði þeirra verðmæta, sem þér kunnid að hagnýta, að frádregnum flutningskostnaði til sölustaðar“, sbr. meðfylgjandi tylgiskjal.

Samhliða voru gerðir samningar við landeigendur og skyldu þeir fá 10% hugsanlegs hagnaðar.

Síðastliðin 22 ár hefur verið unnið að leit skipsins og varið til þess miklum verðmætum og vinnu. 28. júlí 1982 fannst skipið loks.

Áætlun hefur verið gerð um að bjarga verðmatum þeim, sem hér um ræðir, á þessu ári. Fullvist er talið að skipsskrokkurinn sé heill og allur sá farmur, sem niðri í skipinu var, sé þar enn. Engin leið er að gera sér grein fyrir þeim verðmætum sem hér kann að vera um að ræða, en naumast geta þau verið minni en nemur kostnaði við björgun — eða 50 milljónir króna.

Hagsmunir ríkisins af björgun þessara verðmæta eru að sjálfsögðu langmestir, þar sem það fengi, auð 12% þóknunarinnar, miklar skatttekjur ef um veruleg verðmæti er að ræða. Einstaklingar þeir, sem réttindin eiga, hafa ekki bolmagn til þess einir að bjarga verðmætum á þessu ári, en framkvæmdir þyrftu að byrja í marsmánuði n. k., þar sem venja þarf árnar frá björgunarstað meðan þær eru litlar. Þeir eru hins vegar reiðubúnir til hvers kyns samninga við íslenska ríkið, en að því frágengju yrði væntanlega að leita samninga við Hollendinga, sem sýnt hafa mikinn áhuga. Vætanlega tækju samningar við þá þó svo langan tíma að slá yrði málun á frest í a. m. k. eitt ár, sem raunar gæti verið áhættusamt vegna haettu á Skeiðarárhlaupi, en staðurinn, sem skipið er að, hefur lengst „verið undir vatni í ósum Skeiðarár, en nú eru aðstæður hinar ákjósanlegustu.“

Landsbanki Íslands er reiðubúinn að annast lántóku, svo að Íslendingar geti annast björgunaraðgerðir, en leitarmenn geta ekki einir lagt fram tryggingar, sem bankinn telur fullnægjandi. Hins vegar er unnt að tryggja alla verkframkvæmdina hjá Lloyds í London og minnkar það áhætuna verulega.

Flutningsmenn telja eðilegt að á grundvelli samnings þess, sem gerður var af forsætisráðuneytinu 27. september 1960, verði samið við leitarmenn um björgun skipsflaksins og annarra verðmæta og félagi þeirra, Gullskipinu h/f. veittar til þess nægilegar ábyrgðir samhlíða því sem íslenska ríkið tryggir sína hagsmuni. Ábyrgð þessi yrði þó ekki veitt nema fjármálaráðuneyti og fjárveitinganefnd telji þeim hagsmunum nægilega vel borgið, m. a. með því að verkframkvændir verði tryggð og skipið selt úr landi, ef ekki væri talin ástæða til að varðveita það hér á landi. Tillöguglutfuningurinn miðar að því í senn að bjarga merkilegum menningarverðmætum og tryggi, ríkissjóði álitlegan hagnað án verulegrar áhætlu.

Fylgiskjal I.

Reykjavík, 27 september 1960.

Ráðuneytið hefur tekið við bréfi yðar, dags. 14. júní s. l., um leyfi ríkisstjórnarinnar yður til handa til þess að leita að skipsflakinu „Het Wapen“, sem talið er, að strandað hafi við Skeiðarársand í september 1667 svo og til þess að hagnýta yður verðmæti flaksins með tilheyrandi, ef það skyldi finnast.

Ráðuneytinu virðist líklegt, að hér sé um fornminjar að raða, og fer þá um fund skipsflaksins samkvæmt lögum nr. 40/1907.

Að því er tekur til þeirra verðmæta, sem finnast kynnu í flakinu og ekki yrðu talin fornminjar, vill ráðuneytið taka það fram, að þar sem þér hafið þegar aflað yður heimildar hlutaðeigandi landeigenda til leitar og hagnýtingar flaksins með tilheyrandi, vill ríkisstjórnin fyrir sitt leyti veita yður umbeðið leyfi, gegn því að þér greiðið í ríkissjóð 12% af söluandvirði þeirra verðmæta, sem þér kunnid að hagnýta, að frádregnum flutningskostnaði til sölustaðar.

Ólafur Thors.
Birgir Thorlacius.

Hr. Bergur Lárusson,
Brautarholti 22,
Reykjavík.

Fylgiskjal II.

Áætlaður kostnaður við björgun Het Wapen.

1. Vegagerð	3 790 000,00
2. Venja ár	4 839 500,00
3. Aðstaða á björgunarstað	2 700 000,00
4. Stálþil umhverfis HWA	19 000 000,00
5. Vörn björgunarstaðar frá hafi	2 408 000,00
6. Dæling á sandi frá HWA	3 551 000,00
7. Hreinsun skips, flutningur farms og lyfting	3 731 000,00
8. Flutningur HWA og	2 010 000,00
9. Flutningur aðstöðu	
10. Öryggistaki á björgunarstað. Innitalið í lið 2 og 5	
	Samtals	42 029 500,00
20% ófyrirséð	8 405 900,00

		50 435 400,00

Pessi áætlun er miðuð við að engin tækí séu keypt til verksins, utan svifnökkrva, heldur séu öll leigð.

Nd.

419. Nefndarálit

um heimild handa ríkisstjórninni til að abyrgjast lán vegna björgunar skipsins Het Wapen.

Fra fjárhags- og viðskiptaneftnd.

Nefndin hefur haft til athugunar frv. þetta, sem fjallar um heimild fyrir ríkisstjórnina að abyrgjast lán allt að 50 milljónum króna, gegn tryggingum sem fjármálaráðuneytið telur fullnægjandi, enda liggi fyrir samþykki fjárveitinganefndar.

Nefndin er sammála um að leggja til að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 1. mars 1983

Halldór Asgrímsson,
lorm.

Guðmundur I. Guðmundsson

Ingólfur Guðmason,
fundaskr. með fyrirvara,

Albert Guðmundsson,

Magnus H. Magnússon

Matthías Bjarnason,
frsm.

Matthías Á. Mathiesen.

Ed.

541. Nefndarálit

um frv. til laga um heimild handa ríkisstjórninni til að abyrgjast lán vegna björgunar skipsins Het Wapen.

Fra meiri hl. fjárhags- og viðskiptaneftndar.

Nefndin hefur sjallað um frumvarpið og fengið upplýsingar fra Þór Magnússyni og Guðmundi Olafssyni, starfsmönnum Þjóðminjasafnsins, og Leo Kristjánssyni og Sveinbirni Björnssyni, starfsmönnum Raunvisindastofnunar Háskolans. Þessir serfræðingar fjólluðu um niðurstöður segulmelinga og aldursgreininga, auk þess að gera grein fyrir ymsum vandamálum við stadtsetningu skips a umréddum stað og varðveislu skipsins eftir að það hefði verið grafið upp. Einig kom a fund nefndarmann Kristinn Guðbrandsson, fulltrúi þeirra aðila sem unnið hafa að undirbuningi að bjorgun skipsins.

Að grundvelli þeirra upplýsinga, sem nefndinu voru latnar í te, mælir meiri hluti nefndarinnar með því, að frumvarpið verði samþykkt. Í 1. gr. frumvarpsins er tilskilið að fjárveitinganefnd Alþingis skuli veita samþykki sitt aður en abyrgð a lanyeitingu yrði latin í té. Meiri hluti fjárhags- og viðskiptaneftndar beinir því til fjárveitinganefndar, að hun beiti sér fyrir því, að afgreiðsla abyrgdarinnar verði tengd efturfarandi atriðum:

- 1) Frekari boranir verði framkvæmdar til að afla nanari upplýsingar.
- 2) Í fyrstu verði veitt abyrgð fyrir hluta af þeirri upphæð, sem tilgreind er í 1. gr. frumvarpsins, til að fjaðmagna þann þatt björgunarinnar, sem nægir til að grafa niður að skip sem talið er að se í sandinum a umréddum stað. Þannig verði kannad, hvort um skipið Het Wapen sé að ræða, aður en lengra verður haldið.
- 3) Komi í ljós að her se um að ræða skipið Het Wapen verði akveðið, með hyada hetti skipið skuli varðveitt, aður en abyrgð vegna frekari lanveitinga verður latin í té.

Meiri hluti fjárhags- og viðskiptaneftndar birtir sem tylgiskjal með nefndaralitinu þá álitsgerð sem Leo Kristjánsson, forstöðumaður Jarðdeðlisfræðistofu Raunvisindastofnunar Háskolans, léti nefndinni í te.

Alþingi, 9. mars 1983.

Ólafur Ragnar Grimsson,
form., frsm.

Davíð Ádalsteinsson

Guðm. Bjarnason.

Larus Jonsson.

Álitsgerð frá Leó Kristjánssyni, forstöðumanni Jarðeðlisfraðistofu Raunvísindastofnunar Háskólags.

Orkustofnun og Raunvísindastofnun Háskolans hafa óðru hvoru verið Bergi LáruSSyni og félögum til aðstoðar eða rádgjafar vegna jarðeðlisfraðilegra mælinga. Undirritaður sérfræðingur við R. H. hefur tekið þátt í leit þeirra að jární a Dynskogafjoru 1968, gert mælingar við uppgröft á Skeiðarársandi 1974—75 og umnið að mælingum og utreikningum vegna frekari leitar að Indiasfarinu Het Wapen van Amsterdam 1982.

Við mælingar 1982 var einkum notaður segulsvísmelir, sem R. H. fekk að gjöf fra Visindaakademiu Bandaríkjanna 1980, en Jon Jonsson, jarðfræðingur við Orkustofnun, sá um flestar mælingar.

Ég hef kynnt mér margi konar söguleg gögn, sem tengjast þessu máli, og niðurstöður annarra við leitina, að svo miklu leyti sem þær hafa verið adgengilegar.

Helstu niðurstöður minar eru sem her segir:

1. Nákvæmar mælingar að styrk jarðsegulsvíðsins eru eina mæliðserðin, sem til greina kemur við fyrstu leit að skipinu. Mælingarnar eru ódyrar og fljóttlegar; fram koma frávik í svíðinu (anomalies) nalegt jarnhlutum, en einnig geta komið fram minni háttar trufulanir vegna nátturulegra fyrbrigða.
Rafsegul- og rafmælingar, sem reynt var að nota við leitina að arunum fram undir 1974, eru tilgangalausar í innan við 200 m fjarlaegd fra sjó.
2. Það svæði að Skeiðarársandi, þar sem líklegast er að Het Wapen sé, mun hafa verið að mestu segulmælt mjög vandlega af bandarískum adilum 1974. Bil milli mælilína var þó nokkuð í gleiðara lagi (50 m), og ekki var mælt utan við ströndina, eða í ýmsum bleytusvæðum og álum Skeiðarár. Ytarleg skýrsla eða kort af þessum mælingum mun ekki liggja fyrir, en grafið var í ca. 12 m dyp í eitt frávik eftir tilvísun Bandaríkjumannanna. Þar fannst ekkert, og getur frávikið hafa staðað af áhrifum eldingar á sandinn.
3. Við mælingar haustið 1981 austan Skeiðarár (rétt við 17°V), þar sem ekki hafði verið segulmælt fyrir, fann Jón Jónsson segulfrávik á tveim stöðum. Þessi frávik voru svipuð að stærð og 1—2 km á milli.
4. Vestara frávikið var kannad nánar af mer, Jóni Jonssyni og Jósep Hölmjárn í mars og apríl 1982. Kort af niðurstöðum og tulkun þeirra fylgja hér með. Þess skal gatt, að túlka má slik frávik á marga mismunandi vegu: niðurstöður um dýpi á orsök og um lengd orsakarinnar má telja nokkuð öruggar, en um breidd hennar eða heildarmagn járnss á staðnum óviss.
5. Fyrri nefnt vestara segulfrávik er um 100 m frá sjó. Vegna tímaskorts var ekki kannad eystra frávikið, en hið þriðja fannst, einnig 1—2 km austan þess sem kannad var nákvæmlega. Þessi tvö eystri segulfrávik eru í sjávarkambinum, þ. e. innan við 30 m frá sjó. Líklegt er að þessi frávik stafi frá flókum þýskra gufutogara, sem þarna strönduðu 1903 og 1906. Þetta þyrfti þó að kanna nánar, jafnvel með borunum, því heimildir um staðsetningu þessara stranda eru ónákvæmar.
6. Segulmælingarnar bentu til þess, að á 12—14 m medaldýpi gæti verið verulegt magn járnss, varlega áætlað yfir 100 smálestir. Það er dreift á svæði sem er 15—25 m að lengd og 0—10 m á breidd. Tilvist þessa járnss, og tímuburs að auk, hefur nú verið staðfest með borunum.
7. Segulmælingarnar, ásamt mælingum minum a einum jarnkjarna úr borununum, benda til heldur meira járnmagns en talið var mundu vera eftir í flaki Het Wapen. Einnig er halli segulstefnu annar en búast hefði mátt við. Þetta gæti þó átt orsakir í ýmsu, s. s. járnhlutum eða járngrýti í kjölfestu skips. Meðan á uppgrefti stendur, má endurtaka sliðkar mælingar til að kanna nánar staðsetningu járnhluta, og einnig reyna rafsegulmælingar þegar ner þeim dregur.
8. Einn ein mæliðserð, sem gefið gæti nokkra vísbendingu um stærð og lögum skips þess,

sem þarna hlýtur að vera undir, eru hljóðsveiflumalingar. Þær eru þó dýrar og erfiðar í túlkun, og heppileg takki til þeirra ekki til í landinu.

Fyrst og fremst verður því að treysta á niðurstöður borana. Tel ég að fleiri borana með nákvæmum staðsetningum sé þörf, áður en hugsanlegar framkvæmdir við uppgröft hefjast.

- Mjög liklegt má teljast, skv. vísbindingum af efni borkjarna, að leitarmenn hafi fundið flak Het Wapen van Amsterdam. Vottorð um slikt frá til þess bærum erlendum vísindastofnunum þurfa þó að liggja fyrir.

Vart er haegt að tala um þennan fund sem ótvíræðan fornleifa fund fyrr en örugglega ákvárdanlegar menjar hafa náðst, svo sem merktir hlutir, munir (t. d. vopn, leirmunir, pipur) sérkenndandi fyrir Austurindiafélagið eða Holland á 17. öld, eða myntir.

- Allmög skipsflök frá 15.—18. öld hafa fundist á síðustu 20 árum, þar af yfir tylft af skipum Austurindiafélagsins, og verið bjargað úr þeim ýmsum munum. Þessi fundur yrði því ekki alveg einstæður, en engu að síður afar merkilegur. Mjög mikilvægt er að fornleifafræðingar með reynslu í súklum björgunarstörfum ráði miklu um aðgerðir við björgun og varðveislu formmenja eins og þeirra sem þarna kann að vera um að ræða.
- Utan safngripa og e. t. v. nokkurra tuga smálesta, að eir og tini er ekki haegt að búast við miklum verðmætum í flaki Het Wapen. Adeins eitt dæmi er um að gull hafi fundist í flaki Austurindíaskips, og siltursjödir voru í skipum á útleið en næpast á heimleið.
- Íslenskar vísindastofnanir getu séð um hluta hins vísindalega starfs sem fram þarf að fara í tengslum við hugsanlegan uppgröft. Þar má nefna: verkfrædilega ráðgjöf, nákvæma leit að málmlutum, kortlagningu, skráningu gripa og nánari könnun íslenskra sagnfræðiheimilda um strandið. Til þess eru þó stofnanirnar sem stendur mjög vanhbúnar að tækjum, mannskap og fjármagni, a. m. k. þær sem heyra undir menntamálaráðuneyti.

Ed.

570. Nefndarálit

um frv. til I. um heimild handa ríkisstjórninni til að ábyrgjast lán vegna björgunar skipsins Het Wapen.

Frá minni hl. fíjhags- og viðskiptanefndar.

Í umfjöllun nefndarinnar hefur komið fram að kostnaður við uppgröft skips af því tagi, sem hér er tilgreint, sé einungis mjög takmarkaður hluti af kostnaði við raunverulega björgun.

Ef ekki er gripið til viðeigandi ráðstafana, svo sem að hindra þornun, þá mun skipið eyðileggjast á skómmum tíma eftir að andrúmsloft tekur að leika um það. Talið er að kostnaður við slikar aðgerðir sé a. m. k. 100 milljónir króna. Auk þess krefjast sliðar aðgerðir rakilegs undirbúnings. Um þetta hefur ekkert verið fjallað.

Uppgröftur skipsins þýðir því annaðhvort enn meiri kostnað en hér er tilgreindur eða eyðileggingu formminja.

Það, sem að ofan er rakið, miðast við að fundið sé flak af skipinu Het Wapen. Það er þó ekki ógiggjandi. Þvert á móti hafa vísindamenn við Háskóla Íslands einmitt bent á að þeir telji frekari rannsóknir í formi borana nauðsynlegar til að fá betri upplýsingar um það, hvað í sandinum leynist.

Pegar af þeim ástæðum sem hér eru tilgreindar, virðist undirrituðum einsýnt að nú eigi að fara í frekari rannsóknir og leita eftir samningum við erlenda vísindamenn um það efni. Jafnframt að leita samvinnu við hollenska aðila um björgun skipsins. Pegar niðurstaða þessa liggur fyrir er rétt að fjalla um frambald málssins, en fyrr ekki.

Meiri hluti nefndarinnar gerir nú ráð fyrir að ríkisábyrgðin verði veitt með margvíslegum skilyrðum. Undirrituðum sýnist það röng aðgerð, en rétt sé að Alþingi taki afdráttarlausa afstöðu, enda eru daemintil að sanna að skilyrði af þessu tagi eru haldlaus, sbr. skilyrðingu fyrirgreiðslu til Flugleiða á sinum tíma.

Undirritaður telur rétt að stuðla að því, að í sumar verði gerðar þær rannsóknir sem vitnað er til hér að framan, og er reiðubúinn til þess að stýrja styrkveitingu í þessu skyni. Hins vegar er á þessu stigi látið nægja að flytja breytingartillögum um upphæð fjárhæðar sem heimiluð yrði ábyrgð á. Ær upphæðin í samræmi við áætlaðan rannsóknarkostnað skv. fáanlegum upplýsingum. Er breytingartillagan flutt á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 9. mars 1983.

Kjartan Jóhannsson.

Ed.

587. Breytingartillaga

við frv. til laga um heimild handa ríkisstjórninni til að ábyrgjast lán vegna bjorgunar skipsins Het Wapen.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptaneftndar (KJ).

1. gr. orðist þannig:

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast lán að fjárhæð allt að kr. 3 000 000 til rannsóknaborana o. þ. h. vegna leitar að skipinu Het Wapen van Amsterdam á Skeiðarársandi, gegn þeim tryggingum, sem fjármálaráuneytið telur fullnægjandi, enda liggi fyrir samþykki fjárveitinganeftndar. Lánstími og kjör öll á lárinu skulu samþykkt af fjármálaráðherra áður en frá lántökum er gengið.

Lög

um heimild handa ríkisstjórninni til að ábyrgjast lán vegna bjorgunar skipsins Het Wapen.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast lán, sem tekið yrði vegna bjorgunar skipsins Het Wapen fra Amsterdam, allt að 50 milljónum króna, gegn þeim tryggingum, sem fjármálaráðuneytið telur fullnægjandi, svo sem i verðmæti hins bjargaða og soluandvirið skipsins ur landi, enda liggi fyrir samþykki fjárveitinganeftndar.

2. gr.

Lög þessi oðlast þegar gildi.

Samþykkt á Alþingi 14. mars 1983.

Athugasemdir

Frá stjórn Félags íslenskra safnmanna

Stjórn Félags íslenskra safnmanna lýsir áhyggjum sínum vegna þeirrar samþykktar Alþingis að veita ríkisábyrgð fyrir töku 50 milljón kr. láns til að fjármagna uppgröft á flaki hins hollenska kaupfars „Het Wapen van Amsterdam“, sem liggar grafið í Skeiðarársandi. Bendir stjórnin á eftirtalin atriði m.a.:

1. Það er að okkar mati ábyrgðarleysi að hefjast handa við uppgröft skipsins, án þess að fyrir liggi ákvörðun og áætlun um það, hvað gera skuli við kaupfarið ef svo ólíklega vildi til, að það kæmi upp á yfirborðið. Skip af þessu tagi geta þarfnað skjótrar og mjög kosnaðarsamrar vísingdalegar meðferðar, um leið og þau koma upp í andrúmsloftið, ef þau eiga ekki bókstaflega að falla í stafi á skömmum tíma vegna of snöggrar þornunar. Slik meðferð getur orðið a.m.k. helmingi dýrari en uppgröfturinn sjálfur. Enginn búnaður eða sérhæft starfslið til slíkrar meðferðar er heldur tiltækt hér á landi og fæst ekki fyrirvaraðið erlendis.

2. Þótt hið týnda kaupfar flokkist undir fornminjar samkvæmt íslenskum þjóðminjalögum, hefur það lítið gildi varðandi íslenska menningarsögu. Engu að síður er hér um merkar fornminjar að ræða, einkum fyrir hollenska menningarsögu. Því er það sjálfsögð skylda íslenskra yfirvalda að sjá til þess, að ekki sé hróflað við þeim án samráðs við hollensk þjóðminjayfirvöld.

Hið hollenska kaupfar hefur legið grafíð í Skeiðarársandi 2-300 ár. Því er ekki meiri hætta búið af að liggja þar í 2-3 ár í viðbót, meðan gengið er frá áætlun um

framtíðarvörslu þess. Hins vegar gæti það eyðilagst á 2-3 mánuðum, ef það yrði grafið upp á yfirborðið án nauðsynlegs viðbúnaðar.

3. Ekkert formlegt samkomulag hefur verið gert við íslensk eða hollensk þjóðminjayfirvöld varðandi kostnað vegna framtíðarvarðveislu skipsins. Geta má þess í því sambandi, að upphæðin, sem verja skal til uppgraftar þessa eina skips í sumar er tíu sinnum hærri en allt framlag ríkisins til Þjóðminjasafns Íslands á þessu ári. Til uppbyggingar Sjóminjasafns Íslendinga sjálfra veitir Alþingi á þessu ári 1,2 milljónir kr. eða einn fertugasta hluta þess, sem eyða skal í uppgröftinn á Skeiðarársandi í sumar.

4. Til samanburðar má einnig geta þess, að á Eyjafjallasandi litlu vestar hefur á undanförnum 5 sumrum staðið yfir einn umfangsmesti og merkilegasti fornleifa-uppgröftur á landinu. Þar hefur fjárvelt fornminjavarslan barist við brim Atlants-hafsins, sem hægt og bítandi skolar förn-býlinu Stóru-Borg á haf út. Þar hafa þegar fundist 3500 fornripipir, eða fleiri en á nokkrum öðrum stað á landinu. Sumra þeirra bíður sennilega eyðilegging vegna skorts á fé til að varðveita þá fyrir eyðingu andrúmsloft einsins.

Þjóðminjasafn Íslands hefur ekki einu sinni haft bolmagn til að kosta þennan uppgröft af fjárveitingu sinni frá Alþingi. Það hefur verið gert fyrir fé úr Þjóðhátiðarsjóði, sem á síðasta sumri nam 350 þús. kr. eða einu prósentni af því, sem í sumar skal renna út í Skeiðarársand.

EFNISYFIRLIT:

FRÁ RITSTJÓRN LJÓRA	bls.	2
FROSTI F. JÓHANNSSON: Íslensk þéttbýlismenning		3
HALLFREÐUR ÖRN EIRÍKSSON: Ráðstefna um tölvvuvæðingu		7
ÁGÚST Ó. GEORGSSON: Lífið á íslensku fiskiskútunum		8
ÞÓR MAGNÚSSON: Heimildasöfnun um samtímann		10
GUÐMUNDUR ÓLAFSSON: Samtímaskráning, markmið sem stefna ber að		13
FÉLAG ÍSLENSKRA SAFNMANNA Lög		14
ÁGÚST Ó. GEORGSSON: Könnun um friðlýstar fornleifar		15
GUÐMUNDUR ÓLAFSSON: Málmleitartæki, hættuleg leikföng eða meinlaust tómstundagaman?		21
HET WAPEN VAN AMSTERDAM		23
EFNISYFIRLIT		31


Tímaritið LJÓRI er gefið út af Félagi íslenskra safnmannna.

ÁSKRIFT

Tímaritið LJÓRI, Box 1439,
121 Reykjavík s. 91-13264.

RITSTJÓRN

Guðmundur Ólafsson, ábm.
Mjöll Snæsdóttir
Sólveig Georgsdóttir



	0	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14	15	16	17	18	19	20
L	9	8	7	6	5	4	3	2	1	0	-1	2	3	4	5	6	7	8	9	0	